

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1957.

*Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1957*, undirskrifuð af forsetanum 14. febrúar 1957, nr. 1.

*Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar*, undirskrifuð af forsetanum 10. febrúar 1957, nr. 2.

*Lög um breyting á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða*, undirskrifuð af forsetanum 11. febrúar 1957, nr. 3.

*Lög um embættisbústaði héraðsdýralækna*, undirskrifuð af forsetanum 15. febrúar 1957, nr. 4.

*Auglýsing um aðild Íslands að Alþjóðahveitisamningnum*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. janúar 1957, nr. 5.

*Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 21. janúar 1957, nr. 6.

*Auglýsing um samning milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamлага og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 21. janúar 1957, nr. 7.

*Lög um breyting á lögum nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof*, undirskrifuð af forsetanum 16. febrúar 1957, nr. 8.

*Fjárlög fyrir árið 1957*, undirskrifuð af forsetanum 28. febrúar 1957, nr. 9.

*Lög um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum*, undirskrifuð af forsetanum 18. febrúar 1957, nr. 10.

*Auglýsing um samning milli Íslands og Bandaríkjanna um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 27. febrúar 1957, nr. 11.

*Lög um breyting á lögum nr. 30 7. maí 1928, um þinglýsing skjala og aflýsing*, undirskrifuð af forsetanum 25. febrúar 1957, nr. 12.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa eyðijörðina Grjótlæk í Stokks-eyrarhreppi*, undirskrifuð af forsetanum 4. marz 1957, nr. 13.

*Lög um breyting á lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins*, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1957, nr. 14.

*Lög um lækkun tekjuskatts af lágtekjum*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 15.

*Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Spánar*, undirskrifuð af utanríkisráðherra 19. marz 1957, nr. 16.

## AUGLÝSING

### um breyting á lyfsöluskrá II.

29

28. febr.

Frá og með 1. marz 1957 hækkar verð sérlyfja samkvæmt lyfsöluskrá, sem gilt hefur frá 1. júní 1956 (sbr. auglýsingu nr. 80 14. maí 1956) um 5% frá greindu verði.

*Heilbrigðismálaráðuneytið 28. febrúar 1956.*

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

B 9